

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2021

2024/EES/3/78

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1339 frá 23. september 2020 um viðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 á nýtnum ytri ljósabúnaði ökutækja með ljósdíóðum sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísyrings frá tilteknum léttum atvinnuökutækjum með tilliti til prófunaraðferðarinnar fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azb (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1102) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azc. **32020 D 1339**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1339 frá 23. september 2020 um viðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 á nýtnum ytri ljósabúnaði ökutækja með ljósdíóðum sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísyrings frá tilteknum léttum atvinnuökutækjum með tilliti til prófunaraðferðarinnar fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) (Stjtið. ESB L 313, 28.9.2020, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2020/1339, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 313, 28.9.2020, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.